

## Rafrænn skólaráðsfundur í Ölduselsskóla

19. mars 2021

Mættir: Elínros Benediksdóttir, Erla Erlendsdóttir, Heiðrún Ólöf Jónsdóttir, Ágústa Þorbergsdóttir, Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir, Rut Indriðadóttir, Guðmundur Kristinn Davíðsson, Ólafur Jóhann Borgþórsson og Sigurlaug Einarsdóttir

Fundur hófst kl. 08:30

Efni:

Ákveðið að hafa ekki opinn skólaráðsfund að svo stöddu og honum frestað til betri tíma.

- 1) Skólinn:  
Hátíðarsalur Ölduselsskóla hefur verið tekinn í notkun okkur öllum til mikillar gleði. Strax er búið að halda forkeppni Stóru upplestarkeppninnar í salnum, vera með söng á sal og leikrit.
- 2) Eftirlitmyndavélar:  
Nú er í skoðun að kaupa tvær eftirlitsmyndavélar en aðeins er ein eftirlitsmyndavél í skólanum við töskuskápana á unglingsdeildargangi. Mikilvægt er að geta fylgst með ferðum óviðkomandi inn í skólann og stuðlað að frekar öryggi nemenda. Samhljómur í skólaráði að kaupa myndavélar og ábending um að kaupa vandaðar vélar.
- 3) Jarðskjálftar:  
Starfsfólk skólans hefur fengið upprifjun á verklagi við jarðskjálftum. Stjórnendur og starfsmenn hafa rætt við nemendur í öllum árgöngum um jarðhræringarnar sem hafa átt sér stað upp á síðkastið. Rifjað upp með nemendum viðbrögð í jarðskjálfta, skýla, krjúpa og halda. Sama verklagi er haldið ef rýma þarf húsnæði vegna jarðskjálfta og ef til bruna kæmi. Húsnæðið er ekki rýmt nema miklar skemmdir hafi orðið sem gæti skapað hættu fyrir starfsmenn og nemendur. Umsjónarmaður hefur farið yfir veggfestingar og farið yfir öll rými skólans til að huga að öryggisatriðum. Brunaeðing verður haldin eftir páska.
- 4) Skóladagatal:  
Skóladagatal fyrir veturinn 2021-2022 var sent á skólaráð í tölvupósti. Elínros fer yfir og útskýrir skóladagatalið fyrir nefndarfólki. Ákveðnir dagar eru ákveðnir af SFS t.d. skólasetning, skólaslit og vetrarleyfi. Innan þessa ramma eiga að vera 180 nemendadagar en skóladagatalið er byggt á skóladagatali fyrri ára og reynt er að læra af reynslunni. 5 dagar eru skipulagsdagar en 3 dagar eru sameiginlegir í Seljahverfinu með grunn- og leikskólum. Gulir dagar á skóladagatalinu eru skertir dagar og grænir dagar eru skipulagsdagar starfsmanna. Hefðbundin foreldrasamtöl verða í október en í skoðun er að vera með nýja nálgun í seinni viðtölunum. Nemendasamtöl án foreldra við kennara gætu orðið í 5. – 10. bekk en þessi nálgun hefur gefið góða raun í öðrum skólum. Þemadagar eru á dagskrá í mars sem lýkur með opnum foreldradegi. uppbrotisdagar þar sem hefðbundin stundatafla er lögð til hliðar. Þemadagar í desember eru undirbúningur fyrir jólaþorpið sem er heill dagur plús skertur dagur. Sama gildir um vorhátíð en sá dagur er heill dagur plús skertur dagur. Skertir dagar á skóladagatali mega vera 10 talsins.

Öskudagur er skertur dagur en þann dag hefur Reykjavíkurborg haldið stóra fræðsluráðstefnu fyrir starfsfólk skóla.

Fyrirspurn um ástæðu þess að vera með skólaslit í miðri viku í ljósi þess að þá er ekkert frístundarstarf hafið fyrir yngri nemendur. Elínrós bendir viðkomandi á að senda erindið til SFS.

Fyrirspurn um fjölda skipulagsdaga á föstudegi. Elínrós útskýrir að ástæðan sé sú að sameiginlegir skipulagsdagar hafi valdið þessu en ávallt sé reynt að horfa til þess að skipulagsdagar lendi ekki alltaf á sama vikudegi.

Engar frekari ábendingar eða spurningar voru vegna skóladagatala og var það því samþykkt.

Ábending að það vanti upplýsingagjöf og fréttir af skólastarfi til foreldra. Elínrós segir að við reynum okkar besta í að hafa upplýsingaflæði til foreldra gott.

Ábending um hvort að hægt sé að vera með skipulagsdag þegar Menntakvika er þann 15. október. Elínrós staðfestir að svo sé.

Ábending um að fundargerðir vanti inn á heimasíðu, Erla segir að brugðist verði við því.

Fyrirspurn hvort möguleiki væri á því að setja upp brettaaðstöðu fyrir krakka í hverfinu í tengslum við verkefnið Betri borg. Elínrós mun skoða málið. En mikill áhugi er hjá stjórnendum að stuðla að aukin tómstundiðkun í okkar nærumhverfi og skoða tækifæri í að nýta skólahúsnæðið betur tengslum við tómstundariðkun. Ágústa mun hafa samband við Leynileikhúsið.

Fyrirspurn hvort kennsludagar sem töpuðust vegna Covid í haust verði bættir nemendum upp. Elínrós sagði að það hafi ekki verið gefið út af Reykjavíkurborg og á ekki von á því. Óviðráðanlegir hlutir sem ekki var hægt að sjá fyrir um.

Fundi slitið kl. 09:30